

SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR OG ÞÓRA SIGRÍÐUR INGÓLFSDÓTTIR

Hjónabáttur: Skáldið og skassið
*Drættir frá Þórbergi Þórðarsyni og Margréti Jónsdóttur
í þrileik Ólafs Jóhanns Sigurðssonar*

Inngangur

Íslendingar eru svo þunnir í skáldskaparmati, að þeir halda að ekkert sé skáldskapur nema maður „skapi“ persónur, og sköpunin er venjulega ekki frumlegri en svo, að höfundarnir taka persónur, sem þeir hafa þekkt í lífinu eða haft sagnir af og hnoða upp úr þeim bókmanneskjur.¹

Ofangreind orð lét Þórbergur Þórðarson falla í samtali sínu við Matthías Johannessen, *Í kompaní við allífið*, árið 1959. Þeir félagarnir eru að ræða skáldskaparaðferð Þórbergs sem segir bækur sínar yfirleitt vera „sannar frásagnir, hafnar dálítið upp í æðra veldi“.² Í framhaldinu gagnrýnir hann höfunda skáldsagna fyrir að „hnoða [...] bókmanneskjur“ úr raunverulegum fyrirmyndum. Vera kann að þessi orð Þórbergs vísi meðal annars til þess að hann hafi hitt sjálfan sig fyrir í skáldverkinu *Gangvirkinu* eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson sem komið hafði út fjórum árum fyrr, árið 1955.³ *Gangvirkið* er fyrsta bókin í þrileik Ólafs Jóhanns sem allar bera undirtitilinn *Úr förum blaðamanns* og komu út á 28 ára tímabili (1955–1983). Hinar tvær eru *Seiður og hélog* (1977) og *Drekar og smáfuglar* (1983).⁴ Sagan gerist að mestu leyti í Reykjavík á hernámsárunum 1940–1949 og eru tímasetningar og atburðir hennar í samræmi við Íslandssöguna á þeim tíma.⁵ Aðalpersóna og sögumaður þrileiksins er Páll Jónsson blaðamaður og minnir persónulýsing Ólafs Jóhanns á honum að nokkru leyti á aðalpersónu *Íslensks aðals* (1938) og *Ofvitans* (1940 og 1941) enda eiga þeir Páll og hinn ungi Þórbergur ýmislegt fleira sameiginlegt en að vera skáldhneigðir og rauðhærðir. Báðir eru þeir einstæðingar utan af landi sem glíma við fátækt og þunglyndi eftir að þeir flytja til Reykjavíkur ungir menn. Báðir þrá þeir að mennta sig en hafa ekki efni á því. Báðir nota þeir heimasveitir sínar – Djúpaþjörð og Suðursveit – sem viðmið í viðsjálili veröld. Í huga beggja stendur heimasveitin sem tákn fyrir sakleysi og óspillt líferni og er stillt upp sem andstæðu við borgarlífið. Þekkt er hvernig Suðursveitin hefur almennt tákngildi í bókum Þórbergs; hún verður að viðmiði og haldreipi í viðsjárverðri tilveru og hann lyftir henni „upp í fyrirmynd, eins konar mælikvarða sem stóra veröldin er vegin á og metin. Suðursveit verður tákn upprunaleikans, einfaldleikans og heilindanna“ og þegar Þórbergur stendur frammi fyrir

freistingum ákallar hann Suðursveit sér til stuðning.⁶ Að sama skapi hefur Páll Jónsson ætíð í huga siðferðisgildi ömmu sinnar og Djúpafjarðar þegar hans er freistað og þá sérstaklega þegar þrá holdsins vaknar. Þótt hann eigi kærustu þá bannar siðferði Djúpafjarðar þeim að njótast: „Þegar ég finn að pilsfaldurinn er kominn upp fyrir hnén, lengra en frá megi segja, og hnén veita ekki framar viðnám, heldur skiljast, hver stendur þá fyrir hugskotssjónum og horfir vanlega á mig, nema amma sáluga, Sigríður Pálsdóttir, forðum yfirsetukona á Djúpafirði“ (*Gangvirkið*, 205) Kunningi Páls, Steindór Guðbrandsson, gerir gjarnan grín að óframfærni og sakleysi Páls, segir að sál hans sé „dálítið skrýtin og mjög þjóðleg í eðli sínu“ og að auki gangi „hún í blúndubuxum kristilegs uppeldis með óvenju þröngu torfaldarsniði“ (*Seiður og hélog*, 147). Helsti munurinn á þessum táknmyndum í verkum þessarra tveggja ólíku skálda er að í Pálssögu glatar sveitin sakleysi sínu í því umróti sem fylgdi hersetunni og stríðsgróðanum, ekki síður en höfuðborgin, en Páll stenst allar freistingar. Suðursveitin í verkum Þórbergs virðist aftur á móti stöðug og óbreytanleg en sjálfur fellur hann fyrir flestum freistingum.

Við þennan samanburð má bæta að í bókunum um Pál Jónsson notar Ólafur Jóhann frásagnaraðferð sem er í ýmsu áþekk aðferð Þórbergs í *Íslenskum aðli* og *Ofvitanum*, þ.e.a.s. sögumaðurinn er tvískiptur, á bak við frásögnina er eldri maður sem lýsir sjálfum sér ungum. Í tilviki Þórbergs skapast húmor sögunnar af miklu leyti af því að eldri sögumaðurinn sér þann yngri í skoplegu ljósi. Þrileikur Ólafs Jóhanns hefur gjarnan fengið þann dóm að vera ‚alvarlegt‘ verk og í fyrstu viðtökum var lítið minnst á skopið sem setur mikinn svip á frásögn bókanna. En húmor, ýkjur og skop birtast með öðrum hætti hjá Ólafi Jóhanni en hjá Þórbergi Þórðarsyni. Páll Jónsson eldri gerir ekki grín að sjálfum sér ungum þótt lesendum kunni að finna sakleysi hans æði broslegt á köflum. Það er aftur á móti í lýsingum höfundar á aukapersónum sem skopið ræður för. Hafa verður í huga að þrileikur Ólafs Jóhanns hverfist um mann sem horfir upp á samfélagsbreytingar sem honum hugnast vægast sagt illa og er því sjaldan hlátur í hug og virðist reyndar vera í sálrænu áfalli öll stríðs- og hernámsárin, eins og Daisy Neijmann hefur bent á í athyglisverðri grein.⁷

En þótt þannig sé auðsæilega ýmislegt í formgerð þrileiks Ólafs Jóhanns sem er samanburðarhæft við skáldævisögur Þórbergs er þó ekki ætlunin að dvelja nánar við það heldur snúa athyglinni sérstaklega að tveimur fyrirferðarmiklum aukapersónum í þrileiknum: Skáldinu Aroni Eilífs og eiginkonu hans Hönnu Elífs. Þessar tvær persónur virðast að miklu leyti vera „bókmaneskjur“ sem höfundur hefur hnoðað upp úr persónum sem hann hefur „þekkt í lífinu eða haft sagnir af“, svo sé aftur vísað til orðalags Þórbergs. Hjónin Aron og Hanna virðist hafa sterka drætti frá Þórbergi Þórðarsyni og eiginkonu hans Margréti Jónsdóttur. Líkindin eru það mikil að varla hefur farið fram hjá samtímamönnum þeirra hvaðan Ólafur

Jóhann dregur sinn efnivið þegar hann hnoðar sínar „bókmanneskjur“. Á slíkt var þó ekki minnst í ritdómum þó að Vésteinn Ólason ýi að þekktum fyrirmyndum í dómi sínum um síðastu bók þríleiksins *Dreka og smáfugla* sem kom út rúmum áratug eftir að Þórbergur lést. Vésteinn telur það reyndar veikja „áhrifamátt þeirrar ádeilu sem í mannlýsingunum felst að höfundi hættir til að draga upp heldur grófgerðar skrípamyndir“ og þá sérstaklega í fyrstu bókinni, *Gangvirkinu*, en bætir við: „í *Drekum og smáfuglum* þarf ekki undan því að kvarta. Víst felst ádeila í mörgum mannlýsingum, en þó hafa þær hvarvetna dýpt sem gerir þá skoplegu tragíkómíska.“ Í *Drekum og smáfuglum* eru samsvaranir fyrrnefndra sögupersóna við Þórberg og Margréti einna augljósust og Vésteinn skrifar: „Skáldið Aron Eilífs verður skýrara, í senn skoplegra og aumkunarverðara, og sýnist reyndar hafa drætti úr ólíklegustu átt.“⁸ Ef til vill hefur höfundur þríleiksins haldið minna aftur að sér þegar hann teiknar upp auðþekktanlega drætti í lýsingum sínum á þeim hjónum, Aroni og Hönnu Eilífs, þar sem Þórbergur var horfinn af sviðinu. Margrét lifði hins vegar enn, komin á níráðisaldur, og hefði vafalaust kannast við margt í lýsingunni á frú Hönnu hefði henni borist hún til eyrna, sem ólíklegt verður að teljast.⁹ Hér á eftir verður rýnt nánar í þessar persónulýsingar og skoðað hvernig Ólafur Jóhann notar drætti úr lífi þeirra Þórbergs og Margrétar þegar hann teiknar upp þessar persónur þótt hann – að sið skálda – stækki þá og ýki í skopfærsluskyni, auk þess að blanda inn í persónulýsingarnar dráttum frá fleiri þekktum samtímamönnum.

Skáldið Aron Eilífs

Eins og minnst hefur verið á birtist glettni, háð og gagnrýni Ólafs Jóhanns Sigurðssonar fyrst og fremst í lýsingum hans á hinum fjölmörgu aukapersónum þríleiksins. Þótt finna megi í persónulýsingum Ólafs Jóhanns samsömun með sögupersónum og samtímamönnum höfundar sýnir hann þó þá „kurteisi“ að dreifa þekktum persónueinkennum, taka einkenni frá ýmsu þekktu fólki og raða þeim saman upp á nýtt í sögupersónum verksins. Til dæmis er augljóst að skáldkonan Línborg Leiðólfsdóttir vísar til Elínborgar Lárusdóttur og skáldin Guðmundur frá Hvilft og Unndóra hafa bæði sterka drætti frá Guðrúnu frá Lundi. Þannig vinna að líkindum flestir höfundar skáldrita, eins og Þórbergur benti á í tali sínu um „bókmanneskjur“. Vitaskuld getur verið varasamt að rekja tiltekna persónulýsingar beint til ákveðinna einstaklinga en óhætt ætti að vera að benda á áhugaverðar samsvaranir eins og hér er gert; slíkur samanburður gefur innsýn inn í aðferðir skálda. Nefna má að Þórbergur Þórðarson virðist höfundi reyndar hugleikinn víðar en í lýsingunni á Aroni Eilífs. Til dæmis hittir Páll eitt kvöldið ónefndan myndlistamann á miðjum aldri sem er nokkuð við skál og syngur bullvísur í sífellu: „Tjúlli rúlla rilli / Tjúlli rúlla ræ, / Tjúlli rúlla rilli / Tjúllum rúlla ræ“ og grípur þess á milli til

orðalagsins „Sveiattann! Ullabjakk!“. Hvorttveggja liggur beint við að tengja Þórbergi; hið fyrrnefnda við skopkvæðagerð hans og hið síðarnefnda endurteknu stefi í *Sálminum um blómið*.¹⁰ Og fyrrnefndur Steindór Guðbrandsson, ein skemmtilegasta mannlýsing þrileiksins og mikil andstæða við Pál sögumann í hugsun og háttalagi, hefur líka persónueinkenni sem virðast vísa lóðbeint á Þórberg eins og minnst verður á undir lok greinarinnar. En víkjum þá að títtnefndu skáldi.

Aron Eilífs kemur við sögu í öllum bindum þrileiksins og má í raun teljast ein helsta aukapersóna verksins. Hann er kynntur til sögu snemma í *Gangvirkinu* þegar ritstjóri Blysfara, blaðsins sem Páll vinnur á spyr Pál hvort hann kannist við Aron.

Hvaða maður er það?

Spekingur og skáld, svaraði húsbóndi minn. Hann talar stundum í útvarpið. Það eru allar kellingar hrifnar af honum.

Æjá, sagði ég. Hvernig læt ég! Aron Eilífs!

Hann á þrjú hundruð óprentaðar hugleiðingar og sextíu pund af kvæðum. Ég fékk þessa syrpu hjá honum í gær, og hefði getað fengið helmingi meira, ókeypis eins og þú getur nærri. (*Gangvirkið*, 87.)

Páll fær það hlutverk að velja úr safni Arons „eina hugleiðingu og stutt kvæði“ og verður það fastur liður í starfi hans við Blysfara að velja efni til birtingar eftir Aron og skera það niður svo það passi í blaðið. Engar sterkar tengingar við Þórberg vakna í upphafi lýsingarinnar á verkum Arons, þvert á móti koma aðrir samtímamenn Ólafs Jóhanns upp í hugann:

Hugvekjurnar voru yfirleitt skrifaðar með svörtu og bláu bleki á löggiltan skjalapappír, en ljóðin með rauðu og grænu bleki á heiðgular, ljósbláar, silfurgráar og rósbleikar arkir, sennilega mjög dýrar. Ég las um hugræna sjálfúð og sjálfræna hugúð, vitræna skapúð og skapræna vitúð, tónræna geðúð og geðræna tónúð, draumræna ljóðúð og ljóðræna draumúð, las hálfringlaður um Verðund og Verund, um Alveruna og aðferðir til að hvíla í Alverunni, um Leynardadóminn, Fullkonnunarstigann, Vizkubrautina, Kenningar Meistaranna og Undrið Mikla, en staðnæmdist loks við ádeilugrein á molasykur, sem hét Heilsuþjófur, og stutt kvæði, aðeins sjö erindi, um hnattrænan sálarfrið: Við norðurskaut ég skálda undir súð, í skynjun mína streymir næturúð. (*Gangvirkið*, bls. 88.)

Sú ljóðræna „úð“ sem einkennir skáldskap Arons Eilífs hefði án efa valdið Þórbergi „viðbjóðslegri klígju og velgju,“ eins og hann fullyrti sjálfur að íslensk ljóðlist á fyrstu áratugum tuttugustu aldar hefði gert; Þórbergur var síst af öllu gefinn fyrir „lýrískt eilífðarmas“ og tilgerð í stíl.¹¹ Hér sækir Ólafur Jóhann án efa til skáldsins Gretars Fells (1896-1968) sem var forseti Íslandsdeildar Guðspekifélagsins í 21 ár og ritstjóri tímaritsins *Ganglera* í þrjá áratugi. Gretar var afkastamikill rithöfundur og skrifaði fjölda blaða- og tímaritsgreina, sem og

kvæði, allt frá þriðja áratug tuttugustu aldar og fram á þann sjöunda.¹² Eftir hann liggja átta fyrirlestrasöfn, níu ljóðabækur og auk þess mikið af „ljóðrænum hugleiðingum um andleg efni, hinn hollasti og ljúfasti lestur,“ eins og Sigvaldi Hjálmarsson komst að orði í minningargrein um hann.¹³ Jón Skagan skrifar í annarri minningargrein að Gretar hafi reifað „hugræn og andleg mál“ í útvarpi og „að þeirra erinda var af ýmsum með óþreyju beðið“ og hann bætir við:

Af flestu því, sem ég hef skoðað úr þessum efnum, leggur slíkan ilm göfgi og fegurðar, að ég ætla verða betri manns hvern þann, sem því kynnist nánar. Ýmsir efnishyggu- og raunsæismenn munu vafalaust stundum hafa talið Gretar Fells vera nokkuð utan og ofan við heiminn. Svo fer jafnan um þá, sem telja sig geta skoðað og skýrt til fulls alla hluti og fyrirbæri með skynfærunum einum saman. En Gretar Fells átti sinn heim, víðan, heiðan og háan. Hann gat aldrei hugsað í formúlum, „dogmum“ eða „paragröfum“. Til þess var andi hans allt of ljóssækinn, fleygur og frjáls. Hann vissi að okkar skynsvið nær að jafnaði svo skammt. Hann vissi að tveir og tveir eru ekki alltaf fjórir. Flestum fremur var hann gæddur dulrænum hæfileikum og djúpri innsýn í lögmál lífsins og tilverunnar.¹⁴

Sem dæmi um ljóðagerð Gretars Fells má taka eitt erindi úr ljóði hans „Bænarmál“:

Og gefðu mér, Allífsins Andí, vit,
sem upplýsir veg minn og dægurstrit.
Gef mér fagrahvel sannleikans, fjarrænt og blátt,
og frelsandi hugsunar vængjamátt.¹⁵

Útlitslýsingin á Aroni hefur þó enga tilvísun til Gretars Fells en Aron er „sérvizkulegur og einmana, höfuðstór eins og marhnútur, lágvaxinn og horaður, luralega til fara, í upplituðum frakka, óhreinni skyrtu, slitnum buxum og ef til vill með tærnar út úr sokkunum“ (*Gangvirkið*, 164-165). Þessi útlitslýsing minnir svo sannarlega frekar á ofvitann úr bókum Þórbergs en þann myndarlega mann sem sjá má af ljósmyndum af Gretari Fells.¹⁶ Það má geta sér til um að Ólafur Jóhann hafi skemmt sér konunglega við að hnoða saman „bókmaneskju“ úr dráttum frá þeim Gretari Fells annars vegar og Þórbergi Þórðarsyni hins vegar, sem þrátt fyrir sameiginlegan áhuga á guðspeki voru eins ólíkir rithöfundar og frekast er unnt. Sigurjón Jónsson, sem var einn mesti aðdáandi Þórbergs af hans samtímamönnum, dregur Gretar Fells sundur og saman í háði í ritdómi sem hann skrifaði um eina af ljóðabókum hans.¹⁷ Sterkasta vísbending þess að Ólafur Jóhann sæki drætti til Þórbergs Þórðarsonar í lýsingunni á Aron Eilífs kemur reyndar fram fyrr en í síðasta bindi þrileiksins, að þegar skrif hans fara að birtast í Blysfara deila menn um það hvort hann sé snillingur eða fifl, og fara að kalla hann „Meistara Eilífs“ (*Drekar og smáfuglar*, 381). En lítum nánar á persónuna eins og hún birtist í þrileiknum.

Skáldið Aron Eilífs er tragískómísk persóna sem þróast frá að vera illa lyktandi bókari

með köllun til „skáldskapar“ yfir í það að verða frægt skáld á Íslandi. Hann leggur mikið upp úr því að fá ljóð sín og greinar birt í Blysfara, fer aldrei fram á borgun en gleðst í hvert sinn sem eitthvað er birt. Hann skrifar greinar um grasát og hvítasykur og heldur því fram að hið síðarnefnda sé argasti heilsuþjófur sem meðal annars „sljóvgaði heilann, veiklaði æðakerfið, færi illa með hjarta og lifur og drægi úr andlegum þroska“ (*Seiður og héglog*, 279) og gerir sögumaður grín að þessum öfgum. En Aron Eilífs er ekki síst frægur fyrir ljóð sín mörg og löng. Þau eru óræð og klisjukennd, full af orðum sem byrja á „glit“ og enda á „ræn“ og „úð“. Greina má hæðnistón hjá sögumanni þegar hann lýsir Aroni sem hefur flett Blysfara í viðurvist Páls og fundið ljóð eftir sig þar:

Það var stríð úti í heimi, en Aron Eilífs naut barnslegrar og hjartnæmrar gleði. Hann stóð á öndinni og ljómaði af sælu [...] Hann var ekki framar lítilsigldur bókari [...] Á þessari stundu var hann virtur og dáður, enda ljós mannkynsins, stórskáld og spekingur, Goethe, Schiller, Henrik Ibsen og Björnstjerne Björnson í tiginni sameiningu. (*Gangvirkið*, 164-165.)

Aron Eilífs starfar í fyrstu sem bókari hjá hinu opinbera en þegar lesendur Blysfara keppast um að hlaða hann lofi og hann er orðinn frægur hættir hann „brauðrænu striti“ og Valþór, ritstjóri blaðsins, sér til þess að hann sé settur á átjándu grein fjárlaga; fái skáldastyrk. Segja má sem svo að Aron Eilífs sé sköpunarverk Blysfara. Valþór birtir efni eftir hann í gríð og erg enda fær hann efnið ókeypis. Aron yrkir löng ljóð sem miskunnarlaust eru klippt niður af Valþóri og Páli svo þau passi í eyður í blaðinu. Þegar Aron Eilífs er orðinn frægur tekur hann saman við foráttukvenmanninn Jóhönnu, eða öllu heldur tekur hún saman við hann og breytir nafni sínu í Hönnu Eilífs. Jóhanna á vafasama fortíð en reynir hvað hún getur að komast í hóp betri borgara, meðal annars með því að taka saman við skáldið. Fljótlega kemur í ljós að Aron á ekki sjö dagana sæla í hjónabandinu því kona hans er fégráðug, keyrir hann áfram við ritstörfín og hirðir af honum hverja krónu.

Þegar Hanna Eilífs hefur rukkað Valþór um ritlaun fyrir birt ljóð Arons í Blysfara frá upphafi hverfur Aron af sjónarsviðinu því Valþór vill ekki lengur birta skrif hans í blaðinu. Löngu síðar hittir Páll h í Hljómskálagarðinum. Þar biður skáldið Pál um að gera sér þann greiða að hjálpa sér að leiðrétta „hvímleiðan misskilning“ við Valþór: „Hann kvaðst harma það, að hvorki ljóðmæli sín né greinarkorn birtust lengur í okkar ágæta Blysfara, enda mætti heita að daglega væri hann spurður hvernig á því stæði [...] Þjóðin biði eftir svari“ (*Drekar og smáfuglar*, 338-339). Aron segist búa „vel að stuttum og löngum ritgerðum, meðal annars um nýstárleg efni, sem hann hefði ekki getað sinnt neitt að ráði, meðan hann var bundinn dag hvern við brauðrænt strit á opinberri skrifstofu.“ Þegar Páll spyr hann nánar út í efnið segist Aron

meðal annars eiga efni um „himintunglin, vetrarbrautirnar, stjörnurnar og áhrif þeirra á líf og örlög okkar manna“ (*Drekar og smáfuglar*, 341). Einnig kveðst hann „eiga í fórum sínum heima hjá sér, bæði langar og stuttar ritgerðir um hollt mataræði, undursamlegar lækningajurtir, stórmerka drauma, dularfull fyrirbrigði, svipi og vofur, nykra og skrímsli í vötum og fljótum“ (*Drekar og smáfuglar*, bls. 347).

Páll gerist sáttasemjari og færir Valþóri greinar eftir skáldið og biður hann um að taka Aron Eilífs í sátt sem Valþór gerir um síðir. Þegar Páll heimsækir Aron löngu síðar – sem býr á þriðju hæð í múrgráu sambýlishúsi¹⁸ – til að færa honum greiðslu fyrir efnið verður hann vitni að miður góðu hjónabandi hans. Þeir hvíslast á, Aron tekur við ávísuninni og fer pukurslega með. Á meðan talar frú Hanna í símann og virðist vera að daðra við einhvern karlmann: „Öðru hverju skellti hún upp úr, en rokurnar voru stuttar og hásar, líkt og stökkönd væri að hlæja“ (*Drekar og smáfuglar*, 359). Hún vandar hvorki Páli né manni sínum kveðjurnar: „Hvern fjandann ertu að malla við þetta skoffin, þennan stráktitt? Ég þarf að búa mig undir transinn áður en pakkið kemur! Ég þarf að komast í stemningu“ (*Drekar og smáfuglar*, 361). Það er ekki nóg með að Aron sé kominn í klærnar á „foráttukvenmanni“ heldur er hann algerlega fallinn úr náðinni hjá Valþóri sem getur ekki á sér setið að hæða hann og spotta: „Meistari Eilífs! [...] Ha-ha-ha! Den er fin í kanten! Meistari Eilífs!“ (*Drekar og smáfuglar*, 389). Honum er þó ekki verr við skáldið en svo að hann ákveður að gefa út skrif Arons Eilífs á bók til að græða á honum.

Eins og sjá má er margir fletir á persónunni Aron Eilífs sem minna óneitanlega á Þórberg Þórðarson; líkt og Þórbergur skráir hann allar sínar hugleiðingar niður, líkt og Þórbergur er hann alþjóðasinni, aðhyllist spíritisma, hefur mikinn áhuga á grasafæði og heilsufræði, og síðast en ekki síst er hann einlægur áhugamaður um stjörnufræði og skrímsli. Einnig er margt í lýsingum á hjónabandi Arons og Hönnu sem minnir á sögusagnir um hjónaband Þórbergs og Margrétar. Skal nú vikið nánar að „foráttukvenmanninum“ frú Hönnu Eilífs.

Skassið frú Hanna Eilífs

Fyrstu kynni lesenda þrileiksins af Jóhönnu eru þegar fyrri eiginmaður hennar til fimm ára, Jón Guðjónsson, kemur á fund Páls á skrifstofu Blysfara í þeim erindagjörðum að biðja hann um að skrifa um „ljótt mál“; óviðunandi hegðun fyrrum féлага hans, Dossa Runka sem er „einhleypur skratti og allra manna sjóhraustastur“ (*Gangvirkið*, 114). Jón hafði í góðri trú boðið Dossa Runka með sér heim þar sem þeir sátu saman að drykkju og söng – og Jóhanna með þeim. Dossi Runka hafði þá „sýnt þeim veskið sitt, bólgið af seðlum, og endilega viljað gefa Jóhönnu peninga til að kaupa nýjan kjól, annaðhvort fimmtíu eða hundrað krónur“. Þetta hafði

alvarlegar afleiðingar fyrir hjónaband Jóns: „Konan hans, hún Jóhanna, hafði sem sé breytt á nokkrum dögum, orðið stygglynd og ósanngjörn, hæðzt að sjóveiki hans og framtaksleysi, sumir færu á síld og kæmu aftur með fullar hendur fjár“ (*Gangvirkið*, 114). Í stuttu máli taldregur Dossi Runka Jóhönnu með því að ausa í hana peningum sem hún kaupir fyrir „gipshana, rósotta klúta, pilsgopa, fjaðrahatt og tvær kjólfiður“ og hin kokkálaði eiginmaður er kominn til Páls til að biðja hann að skrifa um svívirðilega framkomu Dossa í blaðið, í þeirri von að hann sjái að sér (*Gangvirkið*, 116). Jón dregur fram ljósmynd af hinni eftirsóttu konu sinni og kemur hún Páli í opna skjöldu:

Mér hnykkti við, líkt og fyrir mig hefði borið ótrúlegt sköpunarverk í draumi. Ég leit steini lostinn á Jón Guðjónsson, og síðan aftur á myndina. Andlit þessa umsetna kvenmanns stendur mér enn í dag fyrir hugskotssjónum, enda jók það svo lífsreynslu mína og þekkingu í einni svipan, að ég sannfærðist um að höfundur minn og allrar dauðlegrar skepnu væri öngvan veginn sneyddur gamansemi. Konan brosti ófeimin á myndinni, svo að skein í mjallahvítar postulínstennur, brosti ekki beinlínis tilgerðarlega, heldur eins og sigursæll herforingi, sem veit jafnvel af valdi sínu og snilli meðan hann sefur. Þetta máttuga bros lagði frá munnvikum út í gríðarlegar kinnar með djúpum fellingum og brotnaði á eyrum konunnar eins og öldur á skerjum. Undrandi virti ég fyrir mér fádæma hárskóg, lágt enni, kolsvartar brúnir, smá augu, nef eins og fílsrana, tvær hökur, báðar afsleppar og loks jarðneskari barm en ég hef séð á nokkurri mynd, eða réttara sagt hvalkynjaðri. Á miðjum þessum barmi glóði sporöskjulöguð brossía, litlu minni en brjóstsykurdósirnar sem fengust einu sinni í verzlun Sigurvalda Nikulássonar á Djúpafirði. (*Gangvirkið*, 117-118).

Jón segir Páli að „Jóhanna hefði ávallt verið mesta piltagull, – hún hafði trúað honum fyrir því að roskinn togaraskipstjóri, efnaður kaupmaður og ungur farkennari úr sveit, sem nú er orðinn þjóðfrægur spekingur og kallaði sig Aron Eilífs, hefðu gengið á eftir sér með grasið í skónum þegar hún var liðlega tvítug“ (*Gangvirkið*, 118). Páll neitar að fjalla um framkomu Dossa Runka í Blysfara en skrifar í staðinn fyrir hann harðort bréf til dólgans – með hótun um blaðaskrif – sem hefur tilætluð áhrif.

Þessi fyrsta lýsing á Jóhönnu dregur upp mynd af lauslátri og hégómafullri konu enda kemur í ljós í næsta bindi þrileiksins að þótt ekki hafi hún tekið saman við Dossa Runka þá komust fleiri upp á milli þeirra Jóns, bæði „hann Fúsi fart [...] og svo hann Sjalli“ (*Seiður og héglog*, 131). „Sjalli“ er heiti yfir breskan hermann; Jóhanna hefur því lent í „ástandinu“ og eru þau Jón Guðjónsson „skilin fyrir nokkru“ þegar fundum hans og Páls ber næst saman. Og hann hefur fleiri fréttir að færa Páli: „Ætli hún sé ekki að taka saman við þetta skáld, sem hún þekkti einu sinni, þennan Aron Eilífs. [...] Hún vill hann víst núna. Þetta er orðið svo frægt og farið að lesa í útvarpið (*Seiður og héglog*, 131).“ Eftir að Aron Eilífs tekur saman við Jóhönnu verður

umbylting á lífi skáldsins sem hættir bókarastörfum sínum til að helga sig ritstörfum: „Hann er kominn í tygi við vafasaman kvenmann. Hann er farinn að trúá því, að hann sé stórskáld og snillingur“, eins og fyrrum húsbóndi hans, Bjarni Magnússon, tjáir Páli og heldur áfram:

Eilífs væri búinn að vinna hjá honum á skrifstofunni í fullan áratug og hefði aldrei skorazt undan því að bæta á sig störfum í forföllum annarra, aldrei þótzt vera vant við látinn, aldrei staðið upp klukkan fimm og rokið á dyr, ef aðkallandi verkefni biðu úrlausnar. Eilífs væri flestum mönnum traustari og dyggari, að vísu heldur seinvirkur, en lúsiðinn og samvizkusamur, nákvæmnin óbrigðul, rithöndin sérlega falleg og skýr – eins og mér hlyti að vera kunnugt. Hann sagði að Eilífs hefði unað hag sínum vel á skrifstofunni og verið metinn þar að verðleikum. Hann væri kominn í álnir, ætti þriggja herbergja íbúð og hefði farið um hver mánaðamót í banka með drjúgan hluta af kaupinu sínu, enda maður einhleypur, sparsamur með afbrigðum og neytlugrannur, tíndi í sjálfan sig njóla og arfa á sumrin, en æti lauk og hráar kartöflur á veturna. (*Seiður og héglog*, 169-170.)

Hanna Eilífs heldur manni sínum að verki og gengur í það að rukka fyrir hann hjá þeim sem hafa birt verk hans. Hún mætir á skrifstofu Blysfara og hittir þar fyrir Valþór ritstjóra:

Hvað get ég gert fyrir yður, frú Eilífs?

Borgað mér, svaraði konan í blíðum rómi, næstum því ísmeygilegum. Ég er komin til að rukka yður.

Rukka mig? Valþór rak auðheyrilega í rogastanz; Um hvað, kæra frú, um hvað?

Ég er að rukka fyrir manninn minn, sagði konan. Það hefur gleymzt að borga honum öll kvæðin hans, þessa líka litlu dobiu sem þér hafið látið prenta í blaðinu yðar [...] Svo á hann líka eftir að fá allar ritgerðirnar sínar borgaðar og þær eru þrjátíu og fjórar [...] það eru þá sex þúsund og tvö hundruð krónur sem maðurinn minn á að fá, en auðvitað ætti hann skilið að fá miklu meira fyrir svona gomu. [...].

Var maðurinn yðar samþykkur því að þér færuð til mín þeirra erinda að krefja mig um sex þúsund og tvö hundruð króna ritlaun?

Hvað eigið þér við? Spurði konan og brýndi röddina lítið eitt. Haldið þér kannski að ég sé að fara á bak við manninn minn?

Nei, kæra frú, vitaskuld hvarflar það ekki að mér. En – af hverju kom hann ekki sjálfur?

Af því að hann á að hafa næði til að yrkja! Svaraði konan um hæl. Hann á ekki að þurfa að standa í svona rukkiríi, þjóðfrægt skáldið og kominn á finustu greinina á þessum hérna fjárlögum!“ (*Seiður og héglog*, 193-194.)

Þegar Valþór neitar að borga er brosið á bak og burt, varir konunnar strengjast, augun skjóta gneistum: „Þú skalt ekki halda, að þér getið kjaftað mig upp, sagði hún hásum rómi. Ég ætla bara að láta yður vita að ég er enginn bjáni!“ (*Seiður og héglog*, bls. 195). Frú Hanna strigrar öskureið út úr skrifstofu Valgeirs: „Þú skalt fá að borga, karl minn! Þú *skalt* fá að borga!“ (*Seiður og héglog*, 196). Þegar náðst hefur niðurstaða í málinu og Páll er sendur til skáldsins

með greiðslu stendur frú Hanna í vegi fyrir honum og vill ekki að hann afhendi skáldinu peningana: „Maðurinn minn er að yrkja,“ segir hún og hnykkir til höfðinu „og mér dettur ekki í huga að láta ónáða hann, eins og allt er í pottinn búið“ (*Seiður og hélog*, 202). Páll fær þó að hitta Aron um síðir, eftir að hafa beðið hans um stund í stofunni og virt fyrir sér undrandi vel valin málverk sem prýddu veggina.

Þegar Páll hittir Aron í Hljómskálagarðinum kvartar skáldið undan fjárhagnum og segir við Pál:

Konan – ja hún gæti kannski séð um sig að nokkru leyti, sagði hann, hefði víst ofboðlítið upp úr þessum púðum, sem hún væri einlægt að sauma og seldi jafnóðum. Og fleira kæmi vissulega til. Í hittiðfyrra hefði það allt í einu orðið deginum ljósara, að hún væri gædd dulrænum gáfum, óvenjumiklum miðilshæfileikum og að frumkvæði fyrrverandi menningarstjóra ríkisins hefðu þau hjónin verið að undanförunu á fundum hingað og þangað, þar sem hann kvaðst hafa lesið eftir sig ljóð og laust mál áður en konan féll í trans, hóf skyggnilýsingar sínar og svaraði spurningum samkomugesta. Auðvitað hryti þó nokkuð af henni svo sem verðugt væri fyrir annað eins álag og trans.“ (*Drekar og smáfuglar*, 340.)

Þegar Páll ber erindið upp við ritstjórnann tekur hann það óstinnt upp og og skellir skuldinni alfarið á konu skáldsins og kveðst: „hafa sannfrétt að Aron Eilífs byggi við harðstjóm, yrði að sitja og standa eins og finngálkn þetta vildi, fengi ekki lengur ætan bita, heldur tros og vatnsgraut [...]. Eins og títt væri um flennur og pútur, þegar þær færu að spekjast, vildi kellingin fyrir hvern mun efnast og reytti hverja krónu af bónda sínum, plökkaði hann eins og rjúpu“ (*Drekar og smáfuglar*, 351). Valþór brýtur þó odd af oflæti sínu og byrjar aftur að birta ljóð og greinar skáldsins, þó ekki af góðmennsku einni saman heldur höfðu lesendur blaðsins kallað þráfaldlega eftir meira efni frá Aroni Eilífs. Margt í ofangreindri lýsingu á frú Hönnu Eilífs minnir á lýsingar á Margréti, eiginkonu Þórbergis og skal nú vikið að henni.

Margrét Jónsdóttir

Margrét Jónsdóttir var fædd 3. september 1899 og var því ellefu árum yngri en Þórbergur. Þau kynntust árið 1932 og gengu í hjónaband fyrsta október sama ár. Margrét átti að baki nám í Kvennaskóla Reykjavíkur, sem og nám í hannyrðum og kjólasaum í Danmörku þar sem hún bjó í nokkur ár. Margrét var mikil hannyrðakona og var meðal annars þekkt fyrir að sauma og setja upp púða – líkt og frú Hanna Eilífs. Þórbergur og Margrét eignuðust ekki börn saman en bæði áttu börn fyrir. Af þeim börnum fóru lengi vel litlar sögur og ekki bjó neitt þeirra hjá þeim, nema sonur Margrétar öðru hverju.¹⁹ Um Margréti spunnust miklar sögur meðal

kunningja Þórbergs og margar hverjar ófagrar, svo sem að hún hafi verið skapvargur mikill, hégómagiörn og ráðrík. Í bók Halldórs Guðmundssonar, *Skáldalíf*, er lítillaga fjallað um hjónaband Þórberg og Margrétar og þar segir meðal annars: „Margrét Jónsdóttir var skapstór kona og gat verið erfið í umgengni, um það ber flestum saman.“²⁰ En Halldór skrifar einnig:

Því verður hins vegar ekki á móti mælt að Margrét hvatti Þórberg og styrkti í þeirri fyrirætlun að verða atvinnurithöfundur. Þórbergur var afskaplega ópraktískur maður [...] og átti ekki auðvelt með að koma ár sinni fyrir borð í mannlegu félagi. Margrét annaðist fjármál þeirra og önnur mál heimilisins og varð smám saman eins konar umboðsmaður Þórbergs sem rithöfundar. Hún var sá stafur sem hann studdist við [...] Að þessu leyti átti hún sinn þátt í þeim merkilegu verkum sem hann gaf þjóð sinni. Það var ekki fyrr en eftir að þau gengu í hjónaband sem hann ákvað, skýrt og skorinort, að helga líf sitt ritstörfum.²¹

Ljóst er að þegar Þórbergur kynntist Margréti var hún glæsileg kona og skemmtileg.²² Hún deildi mörgum hugðarefnum Þórbergs; var róttæk, áhugasöm um spíritisma og hafði ánægju af bókmenntum, svo fátt eitt sé nefnt. Hann hefur augljóslega hrifist af henni, varla hefði hann annars kvænst henni svo fljótt eftir fyrstu kynni. Hjónaband þeirra entist í ríflega fjóra áratugi eða þar til Þórbergur lést árið 1974. Minna má á að Margrét hafði gott auga fyrir myndlist og safnaði málverkum eftir jafnt þekktu sem unga og upprennandi myndlistarmenn á sambúðarárnum þeirra Þórbergs og tók þar eiginmanni sínum fram sem hvorki skildi nútímalist né nútímaljóð.²³ Þótt Ólafur Jóhann láti heimili Arons Eilífs og frú Hönnu skarta vönduðum málverkum er það þó ekki frúin sem velur verkin, líkt og Margrét gerði, heldur Aron sjálfur eða þau eru gjafir frá samstarfsfólki hans. Miðilshæfileikana eiga þær þó sameiginlega frú Hanna og Margrét og er víða að finna frásagnir þar um, til að mynda í viðtalsbókinni *Við Þórbergur sem Gylfi Gröndal tók saman um Margréti þegar hún var orðin háöldruð*.²⁴

Á málþingi sem haldið var í tilefni af aldarafmæli Þórbergs í Reykjavík flutti rithöfundurinn Einar Bragi erindi og þótti honum augljóslega ástæða til að grípa til varnar fyrir Margréti:

Vert er að veita því athygli að skýr og skorinorð endurfæðing Þórbergs til ritstarfa hefst sama ár og hann kvænist Margréti Jónsdóttur. Sigfús Daðason sagði í umræðuþætti í útvarpinu á dögnum að Margrét hefði rekið Þórberg eins og fyrirtæki. Þessi ummæli komu illa við mig. Margrét hefur á yngri árum verið lagleg og lífmikil kona sem heillaði Þórberg. Hún var bæði hrifin og stolt af honum og átti mikinn metnað fyrir hans hönd. Hún var vargur dugleg og án efa gleggri á fjármál en maður hennar, enda hægt við að jafnast. Vel má vera að hún hafi verið umboðsmaður höfundarins gagnvart útgefendum, um það veit ég ekki neitt. En ætli honum hafi þá ekki komið vel að eiga hauk í horni sem annaðist veraldarvafstrið?

Og hafi viðskiptavit Margrétar fengið því áorkað að Þórbergur gat gefið sig allan að ritstöfum frá upphafi hjúskapar þeirra til loka starfsævi sinnar megum við vera henni ævinlega þakklátir Íslendingar.²⁵

Af því sem fram kemur í þessum tilvitnunum í Halldór Guðmundsson og Einar Braga má greinilega sjá að lýsingin á frú Hönnu Eilífs er að einhverju leyti byggð á því sem „almannarómur“ hafði um Margréti Jónsdóttur að segja. Sérstaklega á það við um samskipti hennar við útgefendur/ritstjóra skáldsins, það er að segja starf hennar sem innheimtumaður ritlauna, sem og varðstöðu hennar um vinnufrið skáldsins. Ýktar lýsingar sem því tengjast í þrileik Ólafs Jóhanns hafa vafalaust þótt mjög skoplegar, sem þær og eru. En lýsingarnar á vafasamri fortíð frú Hönnu og „lauslæti“ hennar kunna að vekja annars konar viðbrögð í dag en á ritunartíma bókanna. „Lauslæti“ var orð sem aðeins var notað um konur á meðan þeir karlmenn þóttu „kvennagull“ sem höfðu reynslu af ástarlífi fyrir hjónaband að státa. Í bókinni *ÞÞ. Í forheimskunarlandi* skrifar Pétur Gunnarsson um Margréti:

Það sker í augu hvað hún er „karlmannleg“ í samskiptum við hitt kynið, hika ekki við að taka frumkvæðið og stendur fyrir vikið innan við þrítugt uppi sem einstæð móðir tveggja barna. Fyrra barninu, Einarssyni (1927), kemur hún fyrir hjá foreldrum sínum, en þegar hún verður ólétt öðru sinni að Þorvaldsdóttur (1929) heldur hún til Kaupmannahafnar og eignast barnið þar. Snemma í útleigðinni hittir hún læknishjón frá Stykkishólmi sem hrífast svo af stúlkunni að úr verður ættleiðing. Margrét er laus og liðug á ný – en áfellisdómur samfélagsins eltir hana. Við að hlýða kalli náttúrunnar hefur hún hrapað niður mannvirðingarstigann. Athöfnum sem færast kreditmegin á karlmanninn hættir til að koma debetmegin á konuna.²⁶

Þá spyr Pétur einnig: „Hvernig ber að skilja Margréti? Er einhver lykill sem gengur að geði hennar og hegðun?“ og dregur upp mynd af fjörmiklu og sjálfstæðu stúlkubarni:

Af lýsingum hennar sjálfar að dæma hefur hún verið óvenju hvatvís krakki, foringi í leikjum barnanna sem stóð uppi í hárinu á fullorðna fólkinu og náði hámarki þegar hún neitaði að láta ferma sig – og hafði sitt fram. Bernsku og uppvexti lýsir hún sem hamingjutíma og Njarðvíkurstúlkann Margrét sest í Kvennaskólann í Reykjavík þaðan sem hún lýkur fjögurra ára námi. Eins og ekki var óalgengt með stúlkur af skárri standi heldur hún í fyllingu tímans til Kaupmannahafnar þar sem hún lærir matseld og æðri húsmóðurstörf: að setja upp púða, sauma gluggatjöld, fóðra klukkustrengi og búa til gerviblóm.²⁷

Og Pétur lætur ekki þar við sitja í lýsingu sinni á Margréti. Hann dregur ekkert undan að hér er skapstór og oft á tíðum viðskotaillur kvenmaður á ferð, en hann byggir myndina af henni upp á fallegan hátt. Hann lýsir þeirri Margréti sem Þórbergur kynntist sem kynþokkafullri og

skemmtilegri konu, enda traustar heimildir fyrir hvoru tveggja. Þá ítrekar hann, líkt og Halldór Guðmundsson og Einar Bragi, að sú reglubundna umgjörð sem hjónabandið færði Þórbergi hafi verið nauðsynleg forsenda þess að Þórbergur endurfæddist til ritstarfa. Hann vitnar í orðsendingar og bréf sem á milli Þórbergs og Margrétar fóru á ólíkum tímaskeiðum hjónabandsins sem bera vitni um gagnkvæma ást. Og þegar hann lýsir skapbrestum Margrétar reynir hann að skilja þá. Hann gerir virðingarverða tilraun til að skilja Margréti með því að skoða það hlutverk sem konum var ætlað á þeim tíma sem Margrét var ung. Þegar hann ræðir skapgerð Margrétar og hjónaband þeirra Þórbergs vísar hann í rit Simone de Beauvoir um „Hitt kynið“, *Le Deuxième Sexe*, sem kom út árið 1949 þegar Margrét var tæplega fimmtug. Í því mikla riti bendir Simone de Beauvoir á að líf kvenna af hennar eigin kynslóð og fyrri kynslóðum hafi verið skilyrt af hamlandi kynhlutverki sem hafi óhjákvæmilega sett mark sitt á líf kvenna og jafnvel leitt til vanlíðunar og taugaveiklunar. Pétur heimfærir þetta yfir á Margréti sem lifir og hrærist „í veröld sem karlkynið hefur mótað“ og sýpur seyðið af því að beygja sig ekki undir karlveldisreglurnar, meðal annars með því að verða efniviður skops í slúðri almennings og skáldverkum karla. Í þrúleik Ólafs Jóhanns Sigurðssonar má glöggt sjá hvers konar konur falla að karlkynsmótaðri draumaveröld og hverjar ekki. Í fyrri flokknum er hin heimakæra sómakona Hildur, eiginkona Páls, í þeim síðari konur á borð við „foráttukvenmanninn“ frú Hönnu Eilífs.

Þórbergur í Steindóri?

Að lokum skal hér vikið stuttlega að persónunni Steindóri Guðbrandssyni sem er ein háværa rödd þrúleiksins og að flestra mati jafnframt sú skemmtilegasta. Eins og ljóst má vera kemur húmoríski þátturinn í Þórbergi ekki fram í Aroni Eilífs nema að litlu leyti, alþekkta gráglettni Þórbergs vantar alveg í Arnon en hana má hins vegar finna í Steindóri kunningja Páls. Því má jafnvel halda fram að Steindór sé efnilegur fulltrúi annarra þátta í persónuleika Þórbergs. Hann er afar gáfaður, víðlesinn og fyndinn kjaftaskur, sem espar menn upp sér til dægrastyttingar og efast um allt gildismat. Steindór talar iðulega í ýkjstíl, hann fræðir Pál um bókmenntir og listir og Páll lítur mjög upp til hans. Steindór leggur stund á norræn fræði í Háskóla Íslands, líkt og Þórbergur gerði, en lýkur ekki prófi. Hann er bæði kvensamur og finnst gaman að skvetta í sig. Steindór gagnrýnir Pál viðstöðulaust, kallar hann ömmustrák í klukku og leiðindapúka og ögrar honum á allan hátt. Þá á Steindór sín „frægðartímabil“ og hefur þá iðulega á eftir sér strolluna af áhugasömum lærisveinum, námfúsum skáldum, sem líta upp til hans sem mikils spekings. Húmoristinn Steindór talar í ýkjstíl og furðar sig á því hversu auðtrúa Páll er og blindur á aðstæður. Hann er rödd sanneikans og segir skoðanir sínar umbúðalaus. Þegar Páll fullyrðir að

herinn sé á förum frá landinu árið 1946 segir Steindór, og reynist sannspár:

Ertu sá fíráðlingur að trúa því að bandaríski herinn verði kallaður héðan um leið og hann er búinn að koma sér upp prýðilegustu herstöðvum hjá heimskum og fégráðugum eyjarskeggjum? [...] Heldur þú kannski að þeir kunni ekki ráð til að hafa sitt fram, liðka fyrrverandi undirlægjur dana, mýkja þær og meðhöndla í samræmi við klassískar reglur stórvelda, þegar þær þurfa að koma ár sinni fyrir borð á hljóðlátan og friðsaman hátt? (*Drekar og smáfuglar*, 115).

Steindór varpar írónísku ljósi á samtímamann og talar oftast í algjerri andstöðu við Pál og hneykslar hann iðulega með tungutaki sínu. Hann gerir uppreisn gegn hefðbundnum gildum, hvort sem um er að ræða trúarleg, samfélagsleg, menningarleg eða siðferðileg og smáborgaraskapur er eitur í hans beinum. Hann vandar samborgurum sínum ekki kveðjuna og biður Pál meðal annars að um að „hafa það hugfast að fáar eða öngvar þjóðir ættu jafn ómenntaða og hvimleiða yfirstétt eins og Íslendingar, jafn ófyrirleitna og fégráðuga, jafn sneyddu öllum heilbrigðum og réttlæt看legum metnaði.“ Framar öllum er Steindóri mikið í mun halda sjálfstæði sínu og sérkennum: „Ég læt hvorki þjóðfélagið né kvenfólkið tína mig eins og bláber og sjóða mig niður í krukku“ (*Gangvirkið*, 75–76). Allt þetta minnir á hinn unga Þórberg – áður en hann gekk í hjónaband.

Þegar Páll innir Steindór eftir námslokum við Háskóla Íslands svarar hann: „Lokið meistaraprófi í íslenskum fræðum? hermdi Steindór eftir mér og vipraðist allur í framan eins og hann væri að siða óvita“ (*Seiður og hélog*, 143). En Páli finnst mikið til háskólanáms Steindórs koma, öfundar hann jafnvel af stöðu hans og hefur miklar væntingar til framtíðar hans: „Eftir tíu ár verður hann orðinn mikill lærdómsmaður, hugsaði ég, ráðsettur doktor, virðulegur prófessor, eða kannski frægur rithöfundur, tignaður og hataður vegna gáfna sinna og óskammfeilni“ (*Gangvirkið*, 71). Steindór er hins vegar fljótur að eyða þessari tálsýn og rakkar háskólasamfélagið niður með skoplegu og háðsku orðalagi. Hann kallar háskólann draugabæli og telur að þar sé sköpunargáfan miklu fremur drepin niður en efl. „Af hverju er þér svona mikið áhugamál, að ég verði lifandi draugur og andlegur geldingur á met tíma?“ (*Seiður og hélog*, 144). Í áðurnefndum fyrirlestri skrifar Einar Bragi: „Þó að Þórbergur væri nú kominn á fertugsaldur var enn margt á huldu um hvað úr honum ætlaði að verða. Kannski voru mestar horfur á að hann yrði vandaður fræðapaður sem vegna prófleysis kæmist þó ekki að við einu vísindastofnun landsins, heldur koðnaði niður hægt og hægt í lýjandi og staglsamri unglíngakennslu.“²⁸ Þetta urðu þó ekki örlög Þórbergs en hins vegar verða þetta örlög norrænustúðentsins Steindórs Guðbrandssonar, sem endar sem kennari í gaggó með pitlu í töskunni. Sjálfur lýsir hann því svona: „Ég geri það fyrir vin minn skólastjórann að reyna að

kenna örgustu skrælingjunum hjá honum einhverskonar íslenzku. Fyrirrennari minn í embættinu brjálaðist á vorprófunum og var fluttur í böndum á Klepp, en þangað lenda þeir allir fyrr eða síðar sem stríða við þennan skríl“ (*Drekar og smáfuglar*, 113). En Steindór kemur Páli á óvart síðar með því að birta ljóðaflokk sem samanstendur af átta nafnlausum smáljóðum sem verða fljótt fræg vegna þess að þau hneyksla. Með ljóðunum hristir Steindór rækilega upp í góðborgurum samfélagsins því ljóðin:

urðu brátt fræg að endemum, hneyksluðu hvern menningarvörðinn á fætur öðrum og hrundu þeim fram á ritvöllinn gráum fyrir járnum. Prófastur nokkur, víðkunnur fyrir hrossaprang, taldi þau gagnsýrð af uppreisnar- og upplausnaranda [...] annar klerkur bað góðan guð að varðveita sig fyrir slíkum ljóðum. Bárður Nielsson alþingismaður kvað ljóðin ekki vera leir heldur óþrif [...] Hagnæltur greindarbóndi lýsti yfir því, að sum blöð og tímarit hefðu að undanfögnu leyft sér að móðga heilbrigða skynsemi lesenda sinna með því að birta svonefnd órímuð ljóð, en nú væri mælirinn fullur og skekinn, nú yrðu sannir íslendingar að taka höndum saman og slá skjaldborg um helgustu verðmæti sín“ (*Seiður og hélog*, 154-155).

Þessar lýsingar kalla óneitanlega á vangaveltur um ritdeilur Þórbergs við kirkjunnar menn vegna *Bréfs til Láru* þótt Steindór telji sig reyndar ekki hafa gert „byltingu í ríki himnanna“ líkt og Þórbergur lýsti yfir næstsíðasta kafla *Bréfsins*.

Sögu Steindórs lýkur að sumu leyti eins sögu Arons Eilífs, eins og í ævintýrunum, með giftingu. En það er ekkert sem bendir til þess að hann, frekar en Aron, lifi hamingjusamur til æviloka. Steindór verður smáborgarskapnum að bráð og giftir sig til fjár, kvenskassi miklu og líkt og Aron Eilífs er hann þar hafður í stuttu bandi. Þannig kallast ‚sögulok‘ þeirra beggja við þau ‚sögulok‘ sem almennarómur úthlutaði Þórbergi í hjónabandi hans og Margrétar Jónsdóttur.

Þar með lýkur hjónabætti þessum um „bókmanneskjur“ Ólafs Jóhanns í þríleiknum um Pál Jónsson blaðamann. Samanburður þessi er gerður til að skemmta lesandanum fremur en að færa sönnur á ákveðin tengsl. Ljóst er að margir drættir sögupersóna sækja í raunverulegar persónur, byggt á sögusögnum af þeim fremur en öðru. Jafnframt blasir tíðarandinn við, ekki síst þegar fjallað er um „foráttukvenfólkið“, það er eiginkonu Arons Eilífs, sem og eiginkonu Steindórs, sem sýnir mikla andstöðu við konur sem ekki er ljúfar og góðar eins og Hildur, eiginkona Páls. Um slíkar konur er slúðrað og viðhöfð ýmis ónefni, eins og rakið hefur verið í lýsingunni á frú Hönnu Eilífs.

¹ Matthías Johannessen. *Í kompaní við allífið*. Reykjavík: Helgafell 1959, bls. 99.

² Sama stað.

³ Ólafur Jóhann Sigurðsson. *Gangvirkið. Æfintýri blaðamanns*. Reykjavík: Heimskringla 1955. Í síðari útgáfum verksins breytti höfundur undirtitlinum í *Úr fólum blaðamanns*. Hér verður vísað í útgáfu Máls og menningar frá 1979.

⁴ Ólafur Jóhann Sigurðsson. *Seiður og héglog. Úr fólum blaðamanns*. Reykjavík: Mál og menning, 1977. Hér verður vísað í útgáfu Máls og menningar frá 1982; *Drekar og smáfuglar. Úr fólum blaðamanns*. Reykjavík: Mál og menning, 1983. Hér verður vísað í útgáfu Máls og menningar frá 1988.

⁵ Um þrileik Ólafs Jóhanns má nánar lesa í Þóra Sigríður Ingólfsdóttir. Gangvirki og gervimenni. Um persónusköpun í þrileik Ólafs Jóhanns Sigurðssonar; *Gangvirkið, Seiður og héglog og Drekar og smáfuglar*. Óbirt meistaraprófsritgerð í íslenskum bókmenntum við Háskóla Ísland, 2006, á háskólabókasafni; Þóra Sigríður Ingólfsdóttir. Formáli að *Pálssögu: Gangvirkið; Seiður og héglog* eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson. Reykjavík: Veröld, 2008 og Þóra Sigríður Ingólfsdóttir. „Að verða að alvöru manni: um Gosa gervikar og Pál Jónsson blaðamann í þrileik Ólafs Jóhanns Sigurðssonar.“ *Andvari*, 135. árg. 2010, bls. 119-128. Einnig Daisy Neijmann. „Hringsól um dulinn kjarna. Minni og gleymka í þrileik Ólafs Jóhanns Sigurðssonar.“ *Ritið* 2. hefti 2012, bls. 115-139.

⁶ Pétur Gunnarsson. 2002. „Í Suðursveit.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 5. jan. 2002, bls. 4. Sjá einnig Soffía Auður Birgisdóttir. *Ég skapa – þess vegna er ég. Um skrif Þórbergs Þórðarsonar*. Reykjavík: Opna, 2015, bls. 108.

⁷ Daisy greinir þrileikinn sem frásögn af „tráma [...] að endurminningaformið sé tilraun til að horfast í augu við tramatíska atburði síðari heimstyrjaldar og nútímavæðingar á Íslandi. Sjá Daisy Neijmann. „Hringsól um dulinn kjarna“, bls. 117.

⁸ Vésteinn Ólason. „Drekar og smáfuglar.“ *Timarit Máls og menningar*, 1. hefti 1985, bls. 120-124, hér bls. 123.

⁹ Margrét Jónsdóttir lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum, 28. janúar 1988, á 89. aldursári.

¹⁰ Sjá *Drekar og smáfuglar*, bls. 372-373. Þórbergi verður tíðrætt um „ullabjakk“ þegar hann er að vara Lillu Heggu við sælgætisáti.

¹¹ Sjá Soffía Auður Birgisdóttir, kaflann: „Sæti á skáldabekk. Skopkvæðaskáldið Styrr Stofuglamm og ljóðskáldið Þórbergur Þórðarson“ í *Ég skapa – þess vegna er ég*, bls. 163-200, sérstaklega bls. 176-185.

¹² Timaritíð *Gangleri* var aðalvettvangur skrifna Gretar Fells, en hann skrifaði mikið um trúmál, guðspeki, heilsurækt og fleira, auk þess sem hann var afkastamikill ljóðskáld.

¹³ Sigvaldi Hjálmarsson. „Minningarorð. Gretar Fells rithöfundur.“ *Alþýðublaðið*, 20. marz 1968, bls. 6.

¹⁴ Jón Skagan. „Gretar Fells. Rithöfundur.“ *Tíminn*, 2. apríl 1968, bls. 11.

¹⁵ Gretar Fells. „Bænarmál.“ *Kirkjuritið*, 5. árg. 1. tbl. 1939, bls. 27.

¹⁶ Margar ljósmyndir af Grétari Fells má skoða á veraldarvefnum.

¹⁷ Sigurjón Jónsson. „Gretar Fells: Ljóðvængir. Kvæði og stökur.“ *Eimreiðin*, 2/1963, bls. 186-188. Um aðdáun Sigurjóns á Þórbergi sjá Soffía Auður Birgisdóttir, *Ég skapa – þess vegna er ég*, bls. 220-221.

¹⁸ Þórbergur og Margrét bjuggu lengst af á þriðju hæð í steingrári blokk á Hringbraut 45.

¹⁹ Ekki var almenn vitneskja um tilveru Guðbjargar, dóttur Þórbergs, fyrr en með útkomu bókarinnar *Bréf til Sólu* árið 1983. Þá leiðir Halldór Guðmundsson líkur að því að Þórbergur hafi átt aðra dóttur nokkrum árum áður en Guðbjörg fæddist. Sjá: Halldór Guðmundsson. *Skáldalíf. Ofvitinn úr Suðursveit og skáldið á Skriðuklaustri*. Reykjavík: JPV útgáfa, 2006, bls. 122-124. Um fjarveru barnanna má lesa í bókum Péturs Gunnarssonar um Þórberg.

²⁰ Halldór Guðmundsson, *Skáldalíf*, bls. 140.

²¹ Sama rit, bls. 141.

²² Um þetta bera ættingjar Þórbergs á Hala vitni og eins má sjá af ljósmyndum af Margréti ungrri að hún var falleg kona og að útliti ekkert í ætt við þá hrikalegu mynd sem dregin er upp af Hönnu Eilífs í *Gangvirkinu*.

²³ Hér má minna á „listrýni“ Þórbergs í *Sálminum um blómið*, þar sem hann leggur að jöfnu teikningar óvita barns (Lillu Heggu) og abstrakt glerlistaverk eftir Nínu Tryggvadóttur og kveður upp úr með að hvorttveggja lýsi innýflum og garnaflækjum. Sjá Þórbergur Þórðarson. 1976. *Sálmurinn um blómið*: 163-168. Sjá einnig Soffía Auður Birgisdóttir. 2010. „Sálmurinn um gamla manninn. Sjálfsmyndir Þórbergs í *Sálminum um blómið*.“ „að skilja undraljós.“ *Greinar um Þórberg Þórðarson, verk hans og hugðarefni*. Bergljót S. Kristjánsdóttir og Hjalti Snær Ægisson (ritstj.). Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan: 223-233.

²⁴ Gylfi Gröndal. *Við Þórbergur. Margrét Jónsdóttir ekkja Þórbergs Þórðarsonar segir frá*. Hafnarfjörður: Setberg, 1984.

²⁵ Einar Bragi. „Þankar um Þórberg.“ *Skaffellingur*, 7. árg. 1991, bls. 22.

²⁶ Pétur Gunnarsson. *ÞÐ. Í forheimskunarlandi*. Reykjavík: JPV útgáfa, 2009, bls. 142.

²⁷ Pétur Gunnarsson. *ÞÐ. Í forheimskunarlandi*. Reykjavík: JPV útgáfa, 2009, bls. 142.

²⁸ Einar Bragi. „Þankar um Þórberg.“ *Skaffellingur*, 7. árg. 1991.